

Nd. **724. Frumvarp til laga** [226. mál]
um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
(Eftir 3. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Aftan við G 1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

- G 2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:
Á svæði, sem afmarkast af línunum réttvísandi 315° frá $66^\circ 23'6''$ N — $23^\circ 24'5''$ V og réttvísandi 0° (360°) frá $66^\circ 31'7''$ — $23^\circ 01'0''$ V.
- B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:
Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti $65^\circ 51'5''$ N — $24^\circ 13'0''$ V og $66^\circ 04'8''$ N og $23^\circ 57'0''$ V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.